

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar haustið 2005

Starfsmannaskrifstofa og starfsmannastjórar sviða borgarinnar hafa nú tekið höndum saman um sameiginlegar viðhorfskannanir sem ná eiga til allra starfsmanna borgarinnar. Árlega verða framkvæmdar tvær slíkar kannanir, önnur að vori og hin að hausti. Þar verða starfsmenn inntir álit á mikilvægum þáttum sem snerta vinnuumhverfi, samskipti og stjórnunarhætti. Kannanirnar eru tækifæri til að efla það sem vel er gert, en bæta úr því sem betur má fara. Niðurstöður verða kynntar starfsfólki á hverju sviði og þær notaðar til stefnumiðaðra aðgerða í starfsmannamálum.

Í nóvember var fyrsta viðhorfskönnunin framkvæmd og var lögð áhersla á að skapa starfsmönnum aðstæður til að taka þátt á auðveldan hátt. Mögulegt var að svara spurningum á rafrænan hátt með tölvu eða skriflega með spurningarlista.

Hér á eftir má sjá helstu niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir starfsmenn ÍTR í samanburði við heildarniðurstöður þeirra kannana sem lagðar voru fyrir hjá öllum sviðum borgarinnar þ.e. starfsmenn Reykjavíkurborgar.

Samtals tóku 4037 starfsmenn allra sviða borgarinnar þátt í könnuninni, þarf af 763 karlar og 3231 kona. Flestir eru á aldursbilinu 41-50 ára eða 27% og 23% eru 31-40 ára. Þegar spurt er um menntun þá svara 53% háskólamenntun og 19% menntun úr framhaldsskóla. Um 18% aðspurðra starfsmanna ÍTR eru stjórnendur, 39% sérfræðingar og 44% vinna við önnur störf. Um 70% aðspurða eru í fullu starf og 90% vinna dagvinnu. Flestir þeirra sem tóku þátt í viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar starfa á Menntasviði eða tæplega 64%, 12% starfa á Þjónustu- og rekstrarsviði og 9% hjá Íþrótt- og tómstundasviði. Hjá öðrum sviðum eru þátttakendur innan við 5%.

Meginniðurstöður meðal starfsmanna ÍTR

Samtals svöruðu 348 starfsmenn ÍTR könnuninni og er svarhlutfallið um 51%, þar af 122 karlar og 225 konur. Flestir svarendur voru á aldursbilinu 21-30 ára eða 42%. Starfsmenn voru spurðir um menntun og eru 33% starfsmanna ÍTR með menntun úr framhaldsskóla og 32% með háskólamenntun. Um 33% aðspurðra starfsmanna ÍTR eru stjórnendur, 7% sérfræðingar og 60% vinna við önnur störf. Um 45% þátttakenda starfa á Frístundaheimilum, 14% í félagsmiðstöð, 19% sundlaug, 5% í öðru íþróttamannvirki og 17% starfa annars staðar. Þegar spurt er um starfsaldur hjá Reykjavíkurborg þá segja 29% hafa starfað í 1-3 ár, 28% 4-10 ár, 11% í 11-20 ár og 25% hafa starfað í minna en eitt ár. Meirihluti aðspurðra er í fullu starfi eða 52% og 64% vinna dagvinnu.


Settar voru fram nokkrar fullyrðingar og starfsmenn spurðir hvort þeir væru sammála eða ósammála þeim. Hér á eftir er sérstaklega skoðaður sá hópur sem svaraði mjög og frekar sammála í samanburði við starfsmenn Reykjavíkurborgar sem svöruðu slíkt hið sama.

- **84%** þátttakenda ÍTR eru mjög og frekar sammála þeirri fullyrðingu að hæfni þeirra sé vel nýtt í starfi, **86%** starfsmanna Reykjavíkurborgar segja slíkt hið sama.
- **90%** þátttakenda ÍTR eru mjög og frekar sammála þeirri fullyrðingu að þekkja starfsáætlun vinnustaðar síns, **89%** starfsmanna Reykjavíkurborgar segja slíkt hið sama.
- **84%** þátttakenda ÍTR eru mjög og frekar sammála þeirri fullyrðingu að tekið sé tillit til skoðana þeirra og ábendinga um framkvæmd vinnunar, **78%** starfsmanna Reykjavíkurborgar segja slíkt hið sama.

- **87%** aðspurðra starfsmanna ÍTR eru mjög og frekar ánægðir með samskiptin við næsta yfirmann sinn, **86%** starfsmanna Reykjavíkurborgar segja slíkt hið sama.
- 84% starfsmanna ÍTR eru mjög og frekar sammála þeirri fullyrðingu að það sé gætt jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum á þeirra vinnustað. 74% starfsmanna Reykjavíkurborgar segja slíkt hið sama.
- **82%** starfsmann ÍTR eru sammála þeirri fullyrðingu að þeir geti notið sveigjanleika í starfi til að samræma starf og einkalíf. **69%** starfsmanna Reykjavíkurborgar segja slíkt hið sama.
- **70%** aðspurðra starfsmanna ÍTR eru sammála því að fá iðjulega hvatningu frá næsta yfirmanni, **61%** starfsmanna Reykjavíkurborgar segja slíkt hið sama.
- **86%** starfsmanna ÍTR eru sammála þeirri fullyrðingu að góður starfsandi ríkjí á þeirra vinnustað, **79%** starfsmanna Reykjavíkurborgar segja slíkt hið sama.
- **67%** aðspurðra starfsmanna ÍTR eru sammála því að á heildina litið sé vinnuaðstaða þeirra góð, **70%** starfsmanna Reykjavíkurborgar segja slíkt hið sama.
- **75%** þátttakenda ÍTR eru sammála þeirri fullyrðingu að upplýsingastreymi til starfsmanna á sínum vinnustað sé gott, **69%** starfsmanna Reykjavíkurborgar segja slíkt hið sama.
- **45%** aðspurðra starfsmanna ÍTR hafa farið í starfsmannasamtal á síðustu 18 mánuðum, **69%** starfsmanna Reykjavíkurborgar segja slíkt hið sama.
- **71%** starfsmanna hafa fengið tækifæri til stafsþróunar og símenntunar á síðustu 12 mánuðum, **75%** starfsmanna Reykjavíkurborgar segja slíkt hið sama.

Samanburður við viðhorfskönnun ÍTR frá 2003

Viðhorfskannanir hafa verið lagðar fyrir starfsfólk ÍTR annað hvert ár og var síðast lögð fyrir starfsfólk ÍTR árið 2003. Könnunin var þá í fyrsta sinn framkvæmd með rafrænum hætti. Tóku þá 212 starfsmenn þátt í könnuninni en könnunin var send út með tölvupóst á 458 netföng og er svarhlutfall því 46%. Þá voru um 39% þátttakenda yngri en 30 ára, 42% 30-49 ára og 18% 50 ára eða eldri. Þegar spurt er „Hvar starfar þú?“ má sjá



talsverðan mun frá fyrri könnunum eins og sjá má á töflunni hér til hliðar. Mun fleiri aðspurðra vinna nú á Fríundaheimilum en áður eða 45% en árið 2003 unnu 23% á fríundaheimilum. Um 32% aðspurðra störfuðu í félagsmiðstöð árið 2003 en nú starfa aðeins 14%. Einnig hefur orðið talsverð breyting í hópi þeirra sem starfa annars staðar en nú segja 17% starfa annars staðar en árið 2003 svöruðu 28% slíkt hið sama.

Hér fyrir neðan má sjá samanburð viðhorfskönnunar ÍTR frá 2003 í þeim tilfellum sem um sambærilegar spurningar var að ræða. Athugið að í flestum tilfellum hefur orðalaga spurninga tekið breytingum sem getur haft áhrif á hvernig fólk svarar og því skal taka samanburð viðhorfskannana með fyrirvara.

- **84%** þátttakenda ÍTR eru mjög og frekar sammála þeirri fullyrðingu að hæfni þeirra sé vel nýtt í starfi. Árið 2003 sögðu **91%** starfsmanna að hæfni þeirra og þekking væri vel nýtt í starfi.
- **82%** er mjög og frekar sammála því að geta notið sveigjanleika í starfi til að samræma starf og einkalíf. Árið 2003 segja **82%** aðspurðra starfsmanna ÍTR auðvelt að samræma fjölskyldulíf og einkalíf almennt við starf sitt og vinnutíma.
- **86%** starfsmanna ÍTR eru sammála þeirri fullyrðingu að góður starfsandi ríkjí á þeirra vinnustað. Árið 2003 segja **85%** aðspurðra starfsmanna ÍTR að starfsandinn á sinum vinnustað sé góður.
- **67%** aðspurðra starfsmanna ÍTR segjast sammála því að á heildina litið sé vinnuaðstaða þeirra góð. Árið 2003 eru **76%** þátttakenda ánægðir með vinnuaðstöðuna sína.
- **75%** þátttakenda segja að upplýsingastreymi til starfsmanna á sínum vinustað er gott. Árið 2003 telja **85%** þátttakenda sig fá fullnægjandi upplýsingar um það sem er að gerast innan þeirra vinnustaðar og snertir starf þeirra.
- **45%** þátttakenda hafa farið í starfsmannasamtal á síðustu *18 mánuðum*. Árið 2003 segja **53%** þátttakenda hafa farið í starfsmannasamta síðustu *12 mánuði*.